

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2020, miðvikudaginn 15. janúar kl. 09:04, var haldinn 60. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð Ráðssal. Viðstödd voru: Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Pawel Bartoszek, Aron Levi Beck, Hjálmar Sveinsson, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Katrín Atladóttir og áheyrnarfulltrúarnir Daníel Örn Arnarsson, Vigdís Hauksdóttir og Þór Elís Pálsson. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Þorsteinn Rúnar Hermannsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson, Sigurjóna Guðnadóttir og Gréta Mar Jósepsdóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

Þetta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. **Ellidaárdalur**, nýtt deiliskipulag (04.2) Mál nr. SN190373

Kynnt eru drög að tillögu Landslags fyrir hönd Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar að nýju deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal. Nýtt skipulag byggir á grunni eldra deiliskipulags sem var samþykkt árið 1994. Elliðaárdalurinn er mikilvægt útivistar- og náttúrusvæði í Reykjavík með ríka sögu og sterka ímynd meðal borgarbúa og á undanförunum árum hefur vægi og gildi dalsins innan borgarinnar aukist og fleiri hópar og einstaklingar nýta Elliðaárdalinn til útivistar, afþreyingar og sem samgönguleið. Skilgreind eru í nýju skipulagi forsendur, viðfangsefni og markmið tillögunnar. Kynnt.

Þráinn Hauksson frá Landslagi ehf. tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar:

Það er mjög sláandi eftir kynninguna á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal að sjá að skipulagið taki skarpa beygju fram hjá þróunarreit Stekkjarbakka Þ73, þar sem fyrirhuguð gróðurhvelving/Bio Dome á að rísa. Fyrri hugmyndir gengu út á að reiturinn væri innan þessa mikilvæga útivistar- og náttúrusvæðis sem Elliðaárdalurinn er. Mörk deiliskipulags á öðrum stöðum miðast við útlínur dalsins. Farið var yfir afar fjölbreytt lífríki dalsins og því ljóst að mengunin frá gróðurhvelvingunni mun hafa gríðarleg áhrif á dalinn allan og þá sérstaklega ljósmengunin sem af henni hlýst. Það er mat borgarfulltrúa Miðflokksins að svæðið innan deiliskipulagsins ætti allt að njóta hverfisverndar í stað þess að marka það innan þeirra stíga sem liggja meðfram ánni á báða bóga. Hér er verið að fórna stærstu náttúruperlu Reykvíkinga kinnroðalaust. Hér birtist einbeittur vilji meirihlutans að úthluta óskilgreindum aðilum gæðum í formi borgarlands á kostnað náttúrunnar og lífsgæða Reykvíkinga.

Fulltrúar Pírata, Viðreisnar og Samfylkingarinnar bóka:

Elliðaárdalurinn er eitt mikilvægasta útivistar- og náttúrusvæði Reykjavíkur. Þar er að finna mikilvæg setlög og votlendi, gjöfula laxveiðiá, flúðir og fossa, sögulegar minjar, fjölskrúðugt dýralíf og skóg. Í drögum að endurskoðuðu deiliskipulagi dalsins er megináhersla lögð á verndun dalsins og nýtingu hans til útivistar. Í þeim er kveðið á um mikilvæga afmörkun verndarsvæða og hlutverk dalsins sem hlekkur í neti grænnar tengingar gegnum byggðirnar sem tengir græna trefilinn í upplandinu við strandlengjuna. Tillagan felur meðal annars í sér aukna vernd og betra stígakerfi með nýjum brúm í dalnum. Við fögnum þessari vinnu.

Sjálfstæðisflokkurinn bókar:

Nú eru komin 6 ár frá ákvörðun um að taka upp deiliskipulag Elliðaárdalsins og löngu orðið tímabært að vernda hann. Athygli vekur að Þ73 við Stekkjarbakka er ekki innan deiliskipulagssvæðisins þrátt fyrir einróma niðurstöðu starfshóps um framtíð Elliðaárdals frá 31. ágúst 2016. Ennfremur er rétt að benda á að ósar Elliðaáanna er ekki innan deiliskipulagssvæðisins, en mikið rask er fyrirhugað á báðum þessum viðkvæmu stöðum.

2. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**, fundargerð Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. janúar 2020.

3. **Vogabyggð svæði 1, Kleppsmýrarvegur**, breyting á deiliskipulagi vegna smáhýsa (01.45) Mál nr. SN200010

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði I vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi við Kleppsmýrarveg. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 3 smáhýsum á nýrri lóð, samkvæmt uppdr. Trípólí arkitekta dags. 7. janúar 2020.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Sólveig Sigurðardóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **Kjalarnes, Esjumelar**, ósk um breytingu á deiliskipulagi - R19070109 (34.2) Mál nr. SN190542
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi deildarstjóra atvinnuþróunar f.h. skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 5. september 2019 þar sem óskað er eftir að skipulagsfulltrúi vinni tillögu að deiliskipulagsbreytingu á athafnarsvæðinu við Esjumela á Kjalarnesi með það að markmiði að þar verði útbúin lóð fyrir starfsemi Malbikunarstöðvarinnar Höfða. Einnig eru lagðir fram uppdr. Landmótunar sf. dags. 22. október 2019.

Samþykkt með þremur atkvæðum fulltrúa Pírata og fulltrúum Samfylkingarinnar að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Vísað til borgarráðs.

Pawel Bartoszek vísar af fundinum undir þessum lið.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar:

Samkvæmt kynningunni á að fella út 12 lóðir og gera að einni. Ekki var hægt að upplýsa á fundinum hvert er fermetraverðið á lóðum á Esjumelum sem eru ótrúlegar staðreyndir. Samkvæmt kosningastefnuskrá Viðreisnar á að selja Malbikunarstöðina Höfða og í meirihlutasáttmála meirihlutans kemur fram að til standi að selja fyrirtækið. Hér er því enn á ný verið að úthluta gæðum í formi borgarlands. Malbikunarstöð er ekki „flutt“ – hún er byggð upp á nýtt. Útsvarsgreiðendur sitja uppi með kostnaðinn og algjörlega óvíst hvort markaður sé fyrir malbikunarstöð að því verki loknu og þá líka hvort raunverð fáiist fyrir þar sem fyrirtækið er á samkeppnismarkaði. Að auki er starfsemin mjög mengandi og hefur áhrif á lýðheilsu, ásýnd hverfisins, fráveitu og loft. Nær hefði verið að nota

tækifærið til að leggja starfseminu niður því í dag er malbikunarstöðin landlaus, gömul og úrelt.

Sjálfstæðisflokkurinn bókar:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítreka þá afstöðu að borgin eigi ekki að vera í samkeppnisrekstri á borð við Malbikunarstöð. Eðlilegast væri að setja þennan rekstur í söluferil áður en farið verður í kostnaðarsama flutninga í jaðar borgarsvæðisins.

Fulltrúar Pírata og Samfylkingarinnar gagnbóka:

Það er fagnaðarefni að Malbikunarstöðin verði flutt frá ósum Elliðaá upp á iðnaðarsvæðið á Esjumelum. Flutningurinn er í samræmi við aðalskipulag. Samkvæmt lóðarvilyrði verður greitt fyrir byggingarrétt samkvæmt mati fasteignasala, að viðbættu gatnagerðargjaldi.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **Úlfarsárdalur, útivistarsvæði**, breyting (02.6) Mál nr. SN200017
á deiliskipulagi

Lögð er fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Úlfarsárdal útivistarsvæði vegna 1.áfanga Korpulínu jarðstreng. Vegna breytinga á aðflutningskerfi Landsnets á milli tengivirkjana við Korpu og á Geithálsi, þá er gert ráð fyrir tilfærslu á Korpulínu 1 og nýrri legu hennar í jarðstreng sem mun liggja meðfram Reynisvatnsvegi norðanmegin, um 30 m frá veginum milli hringtorgsins við Fellsveg og Lambhagaveg og einnig mun jarðstrengurinn liggja yfir dalinn og Úlfarsá austanmegin Lambhagavegar í Úlfarsárdal. Lagður verður nýr 132 kv jarðstrengur í stað núverandi loftlínu sem verður fjarlægð eftir spennusetningu strengsins, samkvæmt uppdr. VSÓ ráðgjafar dags. 16. desember 2019.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísad til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. **Úlfarsárdalur, hverfi 2**, breyting á (02.6) Mál nr. SN200016
deiliskipulagi

Lögð er fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Úlfarsárdal hverfi 2 vegna 1. áfanga Korpulínu jarðstreng. Vegna breytinga á aðflutningskerfi Landsnets á milli tengivirkjana við Korpu og á Geithálsi, þá er gert ráð fyrir tilfærslu á Korpulínu 1 og nýrri legu hennar í jarðstreng sem mun liggja meðfram Lambhagavegi í Úlfarsárdal. Lagður verður nýr 132 kv jarðstrengur í stað núverandi loftlínu sem verður fjarlægð eftir spennusetningu strengsins, samkvæmt uppdr. VSÓ ráðgjafar dags. 16. desember 2019.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísad til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. **Vesturlandsvegur, Hallar**, breyting á (04.301.2) Mál nr. SN200019
deiliskipulagi

Lögð er fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Vesturlandsvegs, Halla vegna 1. áfanga Korpulínu jarðstreng. Vegna breytinga á aðflutningskerfi Landsnets á milli tengivirkjana við Korpu og á Geithálsi, þá er gert ráð fyrir tilfærslu á Korpulínu 1 og nýrri legu hennar í

jarðstreng sem mun liggja meðfram Lambhagavegi í Úlfarsárdal og fylgja göngustígnum austanmegin götu. Lagður verður nýr 132 kv jarðstrengur í stað núverandi loftlínu sem verður fjarlægð eftir spennusetningu strengsins, samkvæmt uppdr. VSO ráðgjafar dags. 16. desember 2019.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. **Hesthúsabyggð á Hólmsheiði**, breyting (05.8) Mál nr. SN200018 á deiliskipulagi

Lögð er fram tillaga Umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir hesthúsabyggð á Hólmsheiði vegna tilfærslu á Rauðavatnslínu 1 sem liggur innan skipulagsmarka hesthúsabyggðarinnar. vegna 1. áfanga Korpulínu jarðstreng. Breytingin er tilkomin vegna breytinga á núverandi Rauðavínslínu milli tengivirkjanna á Geithálsi og tengivirkis A12 sem liggur nú í loftlínu milli reiðstígs og vatnslögn vestast á skipulagssvæðinu. Lagður verður nýr 132 kv jarðstrengur í stað núverandi loftlínu sem verður fjarlægð eftir spennusetningu strengsins, samkvæmt uppdr. VSO ráðgjafar dags. 16. desember 2019.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. **Tryggvagata**, breyting á deiliskipulagi (01.118) Mál nr. SN200007

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna svæðis sem nær eftir Tryggvagötu frá gatnamótum Grófarinnar í vestri að Pósthússtræti í austri og lóðar Tollhússins. Í breytingunni felst að lóðarmörkum tollhússins eins og þau eru sýnd á lóðarblaði frá 4. júní 1993 er breytt. Á svæðinu sem breytingin nær til verða heimil 3 bílastæði fyrir hreyfihamlaða og 1 þjónustustopp fyrir rekstraraðila í Tryggvagötu. Tímabundin stöðvun þjónustuaðila er heimil í Naustunum sunnan við Tryggvagötu en sérstakt stæði ekki tilgreind þar. 7 bílastæði eru á lóð tollhússins, samkvæmt uppdr. Landmótunar sf. dags. 13. desember 2019. Einnig er lagður fram skýringaruppdr. Landmótunar sf. dags. 28. desember 2019.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Flokkur fólksins lýsir furðu sinni að í nýju skipulagi við Tryggvagötu þar sem öll bílastæði verð þurrkuð út og þannig skerða aðgengi almennings að þeim stofnunum og öðrum þjónustuaðilum sem eru við götuna, þá sérstaklega eldri borgara. Einnig mun það gera vissri starfsemi Listasafn Reykjavíkur erfiðar um vik, þá sérstaklega þeirra listamanna og annarra sem koma að og sinna starfsemi þeirrar stofnunar. Smátt og smátt virðist stefna meirihlutans að þurrka út einkabílinn í miðborg Reykjavíkur og stæðum fyrir þá, en felur svo einkaaðilum að starfrækja bílastæðageymslur sem staðsettar eru á svæðinu. Bent skal á að stæðaleiga í þessum bílastæðageymslum er há og fælir borgara annarra hverfa að sækja í miðbæinn hvað þá að nýta sér þá þjónustu sem þar er í boði.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar:

Enn á ný er ráðist að fjölskyldubílnum með því að fækka bílastæðum í miðbæ Reykjavíkur. Afleggja á í þessu verkefni um 50 bílastæði. Verið er að breyta Tryggvagötu frá Lækjargötu að Gróf í einstefnugötu. Tollstjóraembættið var sameinað ríkisskattstjóra fyrir skömmu og meirihlutanum er bent á að stofnunin er ríkisstofnun sem allir landsmenn verða að hafa greiðan aðgang að. Miðbær Reykjavíkur er ekki einkaeign borgarstjóra og meirihlutans í Reykjavík. Með þessum tillögum er verið að beina umferð enn frekar inn á þrönga Geirsgötu sem er tífandi tímasprengja vegna olíuflutninga um götuna. Samkvæmt kostnaðaráætlun 1, er áætlaður kostnaður við breytingarnar 400 milljónir og er sú upphæð komin inn í fjárfestingaáætlun 2020. Þrengingarstefna meirihlutans í miðbænum/gæluverkefni og breytingar sem af henni hlýst er farin að kosta útsvarsgreiðendur milljarða á meðan grunnstoðir svelta og eru að blæða út. Síðast í gær var tilkynnt um styttingu á opnunartíma leikskóla Reykjavíkur.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins bóka:

Með því að auglýsa tillöguna gefst hagsmunaaðilum tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri.

Fulltrúar Pírata, Viðreisnar og Samfylkingarinnar gagnbóka:

Deiliskipulagsbreyting Tryggvagötu frá Steinbryggju og að Grófinni er forsenda fyrir breytingum sem miða að því að gera götuna fallegri og mannvænni. Breytingin felur meðal annars í sér að fallegt og nokkuð stórt torg verður til við suðurhlíð Tollhússins undir hinu magnaða mósaíkverki Gerðar Helgadóttur. Svæðið er bæði sólríkt og skjólsælt og gæti orðið segull fyrir mannlíf. Breytingin felur einnig í sér að trjám verður komið fyrir í götunni og aðkoma fyrir gangandi vegfarendur að listasafni Reykjavíkur verður bætt. Þessar breytingar eru sannkallað fagnaðarefni og bendum við jafnframt á að stærsti bílakjallari landsins er á svæðinu við hliðina. Þar verður hægt að leggja 1100 bílum.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. **Borgartún 24**, breyting á deiliskipulagi (01.221.1) Mál nr. SN190382
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík
650908-0310 EE Development ehf., Borgartúni 24, 104 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Yrki arkitekta ehf. dags 21. júní 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 24 við Borgartún. Í breytingunni felst í meginatriðum að heimilt verður niðurrif eldri frambyggingar á lóðinni og stækkun bílakjallara undir henni. Bundið er að nýbyggingin leggist í sömu línu að Borgartúni og sé hornskorin á horni Borgar- og Nóatúns á 1. og 2. hæð, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 12. júní 2019, breytt 16. ágúst 2019. Einnig er lagt fram bréf Aðalsteins Steinþórssonar, Birnu Stefnisdóttur, Geirs Sigurðssonar og Matthildar Skúladóttur dags. 27. ágúst 2019. Tillagan var auglýst frá 2. október 2019 til og með 13. nóvember 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: 10 íbúar og eigendur að Mánatúni 13, 15 og 17 dags. 11. nóvember 2019, Gunnar A. Óskarsson arkitekt f.h. Smith & Norland hf. dags. 13. nóvember 2019 og Páll V. Bjarnason f.h. Regins atvinnuhúsnæðis ehf. dags. 13. nóvember 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. desember 2019. Frestað.

11. **Reitur 1.241.0 og 1, Hampiðjureitur**, (01.241.0) Mál nr. SN190528
breyting á skilmálum deiliskipulags

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 5. september 2019 að breytingu á skilmálum deiliskipulags "Hlemmur + 1.241.0, 1.241.1 Hampiðjureitir". Í breytingunni felst að skilgreina nánar heimild í deiliskipulagi vegna minniháttar breytinga varðandi kvisti og svalir. Tillagan var auglýst frá 2. október 2019 til og með 13. nóvember 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Friðbert Hafþórsson dags. 13. nóvember 2019, Kjartan Ingvarsson f.h. húseiganda að Mjöllnisholti 6 og 8 dags. 13. nóvember 2019 og Kristín H. Hálfánardóttir og Matthías Sigvaldason dags. 13. nóvember 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. desember 2019.

Samþykkt sbr. 1.mgr. 42 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

12. **Friggjarbrunnur 3-5**, málskot (02.693.8) Mál nr. SN190747
110976-2679 Vidas Kenzgaila, Friggjarbrunnur 5, 113 Reykjavík

Lagt fram málskot Vidas Kenzgaila dags. 19. desember 2019 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 14. nóvember 2019 um að loka svölum á 1. hæð hússins á lóð nr. 5 við Friggjarbrunn.

Staðfest er niðurstaða skipulagsfulltrúa sbr. umsögn dags. 14. nóvember 2019 með fjórum atkvæðum, fulltrúa Pírata, fulltrúa Viðreisnar og fulltrúa Samfylkingarinnar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Hrafnhildur Sverrisdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

13. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa**, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1050 frá 7. janúar 2020.

(E) Samgöngumál

14. **Þingsályktunartillaga um fimmtán ára samgönguáætlun 2020-2034 og fimm ára, Umsögn um samgönguáætlun** Mál nr. US200015

Lögð er fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 10. janúar 2020 um tillögu til þingsályktunar um fimmtán ára samgönguáætlun 2020-2034 og fimm ára aðgerðaáætlun 2020-2024.

15. **Lykilstígar - heiti**, Mál nr. US200014

Lagt er fram fundargerð nafnanefndar, dags. 8. janúar 2020 ásamt korti af lykilstígum dags. ódags. þar sem lögð er fram tillaga að nöfnum á lykilstíga. Einnig er lögð fram tillaga frá nafnanefnd að nafni á hólma við Grænlandsleið. Samþykkt.

Fulltrúi Pírata, fulltrúi Viðreisnar og fulltrúar Samfylkingarinnar bóka:

Rétt eins og götur og vegir hafa nöfn er eðlilegt að stígar sem ætlaðir eru gangandi og hjólandi hafi nöfn. Vel hefur tekist til að okkar mati. Sex ný, falleg nöfn bætast nú við á stígakort Reykjavíkur. Sólarleið, Mánaleið, Kelduleið, Bæjarleið, Eyjaleið og Árleið. Við fögnum því.

(D) Ýmis mál

16. **Tillaga frá Flokki fólksins í Skipulags og samgönguráði**, Lagt er til að eldri borgarar fái að leggja frítt í bílastæðahúsum borgarinnar um helgar.

Mál nr. US190407

Lagt er til að eldri borgarar fái að leggja frítt í bílastæðahúsum borgarinnar um helgar, n.t.t. frá kl. 17:00 á föstudegi til kl. 00:00 aðfararnótt mánudags. Mikilvægt er að tryggja eldri borgurum betra aðgengi að miðbænum. Menningarstarfsemi borgarinnar er að mestu leiti í miðbænum. Þar má finna menningarstofnanir Þjóðarinnar, sögufrægar byggingar, helstu söfn og Þjóðleikhúsið. Á undanförunum árum hefur aðgengi að miðbænum verið takmarkað með ýmsum hætti. Ítrekaðar framkvæmdir valda töfum og lokunum. Þá er sífellt verið að breyta akstursstefnum og gatnamótum á götum sem hafa staðið óbreyttar í áratugi og þeim vinsælustu jafnvel breytt í göngugötur. Þá hefur bílastæðum utandyra fækkað verulega í miðbænum og borgin hefur tekið í notkun meingallaðar gjaldstöðvar. Öll þessi atriði gera fólki erfiðara fyrri vilji það halda niður í miðbæ og njóta þess sem hann hefur uppá að bjóða. Sérstaklega bitnar þetta á eldri borgurum sem eiga erfiðara með að ganga langar leiðir frá bílastæðum, venjast breyttum akstursleiðum og læra á flókna gjaldmæla. Lagt er til að borgin gefi út sérstakt bílastæðakort sem allir eldri borgarar eigi rétt á. Það kort veiti þeim aðgang að bílastæðahúsum borgarinnar án endurgjalds um helgar, n.t.t. frá kl. 17:00 á föstudegi til kl. 00:00 aðfararnótt mánudags. Þannig mætti auðvelda aðgengi eldri borgara að miðbænum og menningu hans.

Tillaga felld með fjórum atkvæðum: fulltrúa Pírata, fulltrúa Samfylkingarinnar og fulltrúa Viðreisnar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Fulltrúi Pírata, fulltrúi Viðreisnar og fulltrúar Samfylkingarinnar bóka:

Þótt sjálfsagt sé að leita leiða til að auka nýtingu bílastæðahúsum styðjum við ekki það að gefa fólki ókeypis aðgang að bílastæðum, óháð staðsetningu staðanna eða aldri vegfarenda. Hópurinn sem hér um ræðir er þó nokkuð stór um myndi tillagan líklega kalla á umtalsvert tekjutap bílastæðasjóðs.

17. **Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins**, um flutning biðstöðvar Strætó bs. frá Hagatorgi til Birkimels

Mál nr. US200012

Lögð er fram tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem vísað var til skipulags- og samgönguráðs dags. 5. desember 2019 frá borgarráði um flutning biðstöðvar Strætó bs. frá Hagatorgi til Birkimels.

Vísað frá með fjórum atkvæðum: fulltrúa Pírata, fulltrúa Samfylkingarinnar og fulltrúa Viðreisnar. Fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Fulltrúi Pírata, fulltrúi Viðreisnar og fulltrúar Samfylkingarinnar bóka:

Málið hefur þegar verið afgreitt og lausn fundin í samráði við lögreglu.

Fulltrúi Flokks fólksins gagnbókar:

Hringtorg eru hönnuð fyrir umferð í borgum þá aðallega í tvennum tilgangi, til að minnka slysaheittu og til að greiða fyrir umferð. Vel hönnuð hringtorg eru oft borgarprýði, það má sjá í mörgum evrópskum borgum, stolt margra borga. Það má með sanni segja að Hagatorg sé borgarprýði og er eitt af glæsilegustu hringtorgum borgarinnar, m.a. standa við torgið merkar og fallegar byggingar. Að staðsetja stoppistöð strætó inn á mitt torgið og hraðahindranir er ótrúlegur misskilningur hjá öllum þeim sem að verkefninu hafa komið. Til viðbótar skapar staðsetning á stoppistöð inni í

miðju hringtorgi auka slyshættu og hindrar flæði umferðar um það sem einmitt var tilgangur hönnunar þess, þ.e. hringtogsins.

18. **Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins**, um bætt aðgengi við göngustíg sem liggur við nyrðri enda göngubrúar yfir Breiðholtsbraut Mál nr. US200013

Lögð er fram tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem vísað var til skipulags- og samgönguráðs dags. 28. nóvember 2019 frá borgarráði um bætt aðgengi við göngustíg sem liggur við nyrðri enda göngubrúar yfir Breiðholtsbraut.

Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunnar.

19. **Tillaga frá Flokk fólksins**, um að borgarfulltrúar kolefnisjafni ferðir sínar úr eigin vasa Mál nr. US200008

Tillaga Flokks fólksins um að borgarfulltrúar kolefnisjafni ferðir sínar úr eigin vasa og upplýsingar um kolefnisjöfnunin verði aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar. Flokkur fólksins leggur til að borgarfulltrúar, borgarstjóri og aðstoðarmaður borgarstjóra kolefnisjafni flugferðir sínar til og frá útlöndum úr eigin vasa. Með þessu sýna borgarfulltrúar félagslega ábyrgð. Þær þrjár leiðir sem hægt er að kolefnisjafna er hjá Kolviði, Votlendissjóði og Icelandair. Borgarfulltrúar og sérstaklega borgarstjóri og aðstoðarmaður hans fara í margar flugferðir á ári erlendis sem skipta hundruð þúsunda. Ferðalangurinn sjálfur á að bera kostnaðinn og með því sýnir hann í verki viðhorf sitt til mikilvægis umhverfisverndar. Að kolefnisjafna er í dag viðurkennd aðgerð til að veita upp á móti útblæstri og því er ekkert að vanbúnaði að kjörnir fulltrúar kolefnisjafni og axli sjálfir ábyrgð á kostnaðinum. Lagt er til að á heimasvæði komi fram upplýsingar um kolefnisjöfnuð hvers og eins og hjá hvaða aðila það var gert.

Vísað frá.

Fulltrúi Pírata, fulltrúi Viðreisnar og fulltrúar Samfylkingarinnar bóka:

Ekki gengur að borgarstjórn eða fagráð borgarinnar setji reglur um það hvernig fólk eigi að ráðstafa launum sínum, sama hvert fólk er eða sama hve göfugur tilgangur útgjaldanna kunni að vera. Tillögunni er vísað frá enda er hún ekki tæk til afgreiðslu.

20. **Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins**, rykbinding gatna í borginni í skipulags og samgönguráði Mál nr. US190398

Fyrirspurn frá Flokki fólksins um rykbindingu gatna í borginni í skipulags og samgönguráði

Hvernig má það vera að Reykjavíkurborg rykbindur götur borgarinnar aðeins 2 til 4 á ári en nú berast þær fregnir af nágrönnum okkar á Norðurlöndunum eins t.d. Svíum sem rykbinda götur Stokkhólmsborgar 50 sinnum á ári. Hver er skýringin á þessum mikla mun?

Vísað til umsagnar umhverfis og skipulagssviðs, Skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlands.

21. **Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins**, undantekingu frá aksturbanni um göngugötur Mál nr. US200009

Nú hafa ný umferðarlög tekið gildi. Meðal nýmæla er undantekning frá akstursbanni um göngugötur sem felur í sér að bílar merktir með stæðiskorti fyrir hreyfihamlaða og bílar sem sinna akstursþjónustu fatlaðra mega nú nýta sér göngugötur og mega jafnframt leggja þar í merkt stæði. Flokkur fólksins spyr hvort borgin sé ekki að öllu leyti að virða þessi lög nú þegar vika er liðin síðan þau tóku gildi og hvort til standi að opna lokaðar göngugötur fyrir þeim bílum sem hafa nú heimild til að aka þar?

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

22. **Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa** Mál nr. US190399
Flokks fólksins, vegna Bjarkargötu og
Tjarnargötu

Fyrirspurn frá fulltrúa Flokks fólksins 4. des 2019 skipulags- og samgönguráði.

Bjarkargata og Tjarnargata 101 Reykjavík. Það vekur athygli að tvær götur í 101 Reykjavík, Bjarkargata og Tjarnargata eru báðar tvístefnu akstursgötur sem kemur sér mjög illa fyrir þá sem um þessar götur aka. Hægt er að aka þessar götur bæði til norðurs og suðurs. Bifreiðum er lagt báðu megin á götunni og því ekki mögulegt að mæta bifreiðum sem um götun aka er þær koma úr sitt hvorri áttinni. Fyrirspurnin er þessi. Flokki fólksins telur skynsamlegt að breyta Bjarkargötu og Tjarnargötu í einstefnu akstursgötur, annað hvort verði hægt að aka göturnar frá norðri eða frá suðri. Er eitthvað sem stendur í veginum fyrir slíkum breytingum.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

23. **Fyrirspurn Flokk fólksins**, varðandi ný Mál nr. US200017
umferðalög um aðgengi um göngugötur

Nú hafa ný umferðarlög tekið gildi varðandi aðgengi fatlaðra um göngugötur sb. 10. gr. 2019 nr.77 25. júní. Þar segir m.a. að borgaryfirvöldum ber að veita fötluðu fólki aðgengi svo það get sótt í þá þjónustu sem veitt er í göngugötum. Flokkur fólksins spyr hvort borgaryfirvöld vilji ganga enn þá lengra en lagasetningin segir til og veita eldri borgurum sem erfitt eiga með gang og hreyfingar sama aðgengi og fötluðum er veitt í þessum lögum.

Frestað.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 12:05

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Pawel Bartoszek
Aron Leví Beck
Hildur Björnsdóttir

Hjálmar Sveinsson
Eyþór Laxdal Arnalds
Katrín Atladóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2020, þriðjudaginn 7. janúar kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1050. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Jón Hafberg Björnsson, Harri Ormarsson, Nikulás Úlfar Músson, Harpa Cilia Ingólfsdóttir, Edda Þórsdóttir, Skúli Þorkelsson og Olga Hrund Sverrisdóttir. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. **Arnarhlíð 2** (01.629.502) 220839 Mál nr.
BN057086
550416-0770 NH eignir ehf., Suðurlandsbraut 4a, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048979 þannig að staðföng stigahúsa eru uppfærð, staðsetningu bílastæða og djúpgáma er breytt, komið er fyrir nýju tæknirými fyrir loftræstisamstæðu og brunahönnun, rýmisstærðir og rýmisnúmer uppfærð til samræmis.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 16. desember 2019 og brunahönnunarskýrsla Eflu verkfræðistofu útgáfa V07 uppfærð 10. nóvember 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
2. **Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN056980
450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN048688, þannig að skrifstofa á 4. hæð í byggingu T4 mhl. 09, verður með lokuðum skrifstofurýmum og móttöku, tæknirými og ræstingu/snyrtingum bætt við inn í rýmið auk þess sem brunahönnun er uppfærð, í húsinu á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað.
Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
3. **Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN057095
450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055196 sem er breyting á stofni BN048688 þannig að skrifstofurými á 4. hæð er stækkað í húsi nr. 2 við Kalkofnsveg á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

4. **Álfheimar 31** (01.435.014) 105304 Mál nr.
BN057008
170189-2569 Ragnar Tryggvi Snorrason, Álfheimar 31, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem vinnustofu 0001 er breytt í íbúðarhúsnæði, staðsetta í kjallara húss nr. 31 við Álfheima.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda á afriti af teikningu dags. 3. október 2017.
Gjald kr.11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
5. **Álfheimar 44-48** (01.431.303) 105207 Mál nr.
BN057077
031087-2799 Axel Sigurðarson, Álfheimar 46, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að fjarlægja hluta af burðarvegg á milli stofu og eldhúss í íbúð 0202 í húsi nr. 46 á lóð nr. 44-48 við Álfheima.
Erindi fylgir ódags. samþykki meðeigenda.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
6. **Bergstaðastræti 2** (01.171.306) 101406 Mál nr.
BN056903
640119-1280 101 Húseignir ehf., Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að opna veitingastað í flokki II, tegund f, krá, fyrir hámarks gestafjölda 55 manns og tvo starfsmenn, lækka kjallaragólf um 50cm og setja stiga upp á 2. hæð við norðurgötu húss á lóð nr. 2 við Bergstaðastræti.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar í tölvupósti dags. 17. október 2019.
Stækkun: 36.1 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Askilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
7. **Bergþórugata 23** (01.190.326) 102458 Mál nr.
BN055612
641005-0960 Þrengsli ehf., Suðurlandsbraut 48, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN049455 þannig að hætt er við að setja svalir á gamla hluta hússins eins og samþykkt var 15. nóvember 2016, v/lokaúttektar á fjölþýlishúsi á lóð nr. 23 við Bergþórugötu.
Bréf hönnuðar dags. 22. ágúst 2019 fylgir.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Skilyrt er að ný

eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

8. **Bíldshöfði 10** (04.064.002) 110668 Mál nr.
BN056952
040344-3309 Aðalsteinn Viðar Júlíusson, Stuðlasel 18, 109 Reykjavík
580413-2420 B10 fasteign ehf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta aðstöðu fyrir dansskóla á annarri hæð í vesturálmum og koma fyrir neyðarútgangi út á nýjan brunastiga á suðurhlið húss, á lóð nr. 10 við Bíldshöfða.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. desember 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2019. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 9. desember 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
9. **Bláskógar 16** (04.941.303) 112949 Mál nr.
BN057085
020944-4209 Sveinbjörn Kristjánsson, Bláskógar 16, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN056809 þannig að gerð er grein fyrir svölum í skráningartöflu fyrir húsið á lóð nr. 16 við Bláskóga.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
10. **Borgartún 41** (01.349.101) 104109 Mál nr.
BN057081
551214-0600 105 Miðborg slhf., Hagasmára 3, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til þess að byggja tæknirými fyrir sameiginlegan bílakjallara reita A, B, C, D, E og F á Kirkjusandsreit, staðsett á reit F og með aðgengi um stigahús sem staðsett er á reit E, Hallgerðargötu 1, á lóð nr. 41 við Borgartún.
